

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd

Reykjavík 3. maí 2018  
Tilvísun: FMS1804079  
/ 00.08.00

**Efni: Umsögn Ferðamálastofu um um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029. Þingskjal 689 — 479. mál.**

Með tölvupósti sem sendur var 20. apríl sl. hefur Ferðamálastofu borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018 – 2029.

Ferðamálastofa fagnar því að nú verði unnin stefnumarkandi landsáætlun í samræmi við lög nr. 20/2016 landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum sem felur í sér heildrænt skipulag og sýn á uppbyggingu innviða í breiðum skilningi.

Ferðamálastofa hvetur til við framkvæmd landsáætlunar að byggt verði í ríkari mæli á þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram á vegum Ferðamálastofu, til dæmis á vegum verkefnanna Áfangastaðaáætlanir landshlutanna, Kortlagning auðlinda ferðaþjónustunnar og Endurskoðun upplýsingaveitu til ferðamanna til þess að nýta þá vinnu sem þegar hefur verið unnin á kostnað hins opinbera og með aðkomu fjölda sérfræðinga, fyrirtækja, félaga, stofnana og almennings.

Virðingarfyllst,  
F.h. Ferðamálastofu



---

Helena Þ. Karlsdóttir, forstm. stjórnsýslu- og umhverfissviðs